

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

2.-3. tbl. • Mars 1999

Iðnþing 1999



 SAMTÖK
IÐNAÐARINS

Efnisyfirlit

*Leiðari:
Sértækar aðgerðir*

*Iðnþing
bls. 3-7*

*Samkeppnisstaðan
seld
bls. 10*

*Viðurkenning veitt úr
Verðlaunasjóði
iðnaðarins
bls. 11*





Sértækar aðgerðir

Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum bæði í ræðu og riti fagnað því að tími sértækra aðgerða, hafta og skömmtnunar sé nú liðinn en í staðinn hafi, ekki síst með EES-samningnum, komið almennar leikreglur og samkeppni á frjálsu markaði. Síðast var í ályktun Iðþings vikíð að þessu.

Af fréttum undanfarinna daga er þó ljóst að breytingin er alls ekki orðin svo föst í sessi að hægt sé að fagna því að tími sértækra lausna, hafta og skömmtnunar sé liðinn.

KERFISBUNDIN MISMUNUN

Fram eru komnar hugmyndir um að þeir, sem búa úti á landsbyggðinni, eigi að fá sérstakar skattaívilnanir og námsmenn af landsbyggðinni eigi að fá afslátt af námslánnum sínum. Þarna er sem sagt lagt til að mismuna fólki eftir pósthúsum. Ekki er langt síðan fram komu hugmyndir um að leysa hatrammar deilur um fiskveiðistjórnkerfið með því að veita kaupendum hlutabréfa sjávarútvegsfyrirtækja sérstakan skattafslátt. Enn er raunar í gildi sérstakur sjómannaafsláttur sem svarar 1.340 milljónum króna ríkisstyrk til sjávarútvegsins á síðasta ári. Fyrir þessa fjárhæð mætti til dæmis greiða laun 500-600 iðnaðarmanna. Þarna er mismunað eftir atvinnugreinum.

Flestir eru sammála um nauðsyn þess að laða til landsins erlenda fjárfesta. Alþjóðavæðing með frjálsu flæði vöru, þjónustu, fólks og fjármagns hefur leitt af sér að tollar og viðskiptahindranir hafa vikið og ríki heims eru í vaxandi samkeppni um verðmætasköpunina. Keppst er um að leggja sem minnstar álögur á atvinnulíf og skattbyrðin hefur færst yfir á þá þætti verðmætasköpunarinnar sem síður verða fluttir milli landa. Ein afleiðingin er sú að lagðar hafa verið auknar álögur á launakostnað en dregið úr skattlagningu á fjármagnið vegna þess að það er hreyfanlegra en vinnuaflið.

SÉRTÆKAR AÐGERÐIR VALDA VANDA

Gallinn við þessa þróun er sá að undir

merkjum alþjóðavæðingar hafa ríki heims beitt ýmiss konar markaðstruflandi aðgerðum, skattalegum ívilnunum, frísvæðum og ríkisstyrkjum til að ná til sín störfum og skatttekjum frá nágrannaríkjum. Með þessu er um leið brennlað skilaboðum markaðarins. Engin grein hér á landi hefur orðið fyrir eins miklum áföllum af völdum sértækra aðgerða af þessu tagi og skipaiðnaðurinn okkar. Reynt hefur verið að koma á alþjóðlegu samkomulagi til að sporna við þessari þróun. Dæmi um það er samningur á vegum OECD sem ætlað er að takmarka ríkisstyrki í skipaiðnaði en hefur enn ekki verið staðfestur. Annað dæmi er samkomulag um að eyða ívilnunum af þessu tagi út úr skattkerfum landa OECD fyrir árslok 2005. Á sama vettvangi hafa menn reynt að koma saman sáttmála um erlendar fjárfestingar sem takmarka ívilnanir af þessu tagi.

Nýjar viðskiptahindranir, sem byggðar eru á öðrum forsendum einkum á sviði mannréttinda- eða umhverfismála, hafa einnig skotið upp kollinum. Hótanir erlendra ríkja um viðskiptabann á okkur Íslendinga vegna hvalveiða eru einmitt gott dæmi um slíkt. Varnaraðgerðir í formi tolla og hafta hafa þannig tekið á sig nýja mynd í breyttu umhverfi en afleiðingarnar eru jafn skaðlegar.

HVAÐ ERUM VIÐ AÐ GERA?

Ný lög um alþjóðleg viðskiptafélög, sem versla eiga með landbúnaðarafurðir og fisk, eru dæmi um sértæka aðgerð af þessu tagi. Slík félög eiga að fá ríkisstyrk til markaðssetningar og greiða 5% tekjuskatt. Að sjálf-sögðu eiga þessi félög hvorki að greiða eignarskatta eða stimpilgjöld. Innlend fyrir-tæki munu ekki njóta þessara kjara. Annað dæmi af sama toga eru hugmyndir um sérstakar ívilnanir til handa framleiðendum kvikmynda. Ætlunin er að veita ríkisstyrk sem nemur 12% af rekstrarkostnaði vegna kvikmyndagerðar hér á landi.

Nú er ekkert nema gott um það að segja að ýta hér undir alþjóðlega verslun með fisk og innlend kvikmyndagerð er einnig

allra góðra gjalda verð. Spurningin er hins vegar þessi: Er rétt að stjórnálamenn taki um það ákvarðanir að nú sé rétt að ívilna einni grein í dag og annarri á morgun? Þess er raunar skemmt að minnst að þegar erlendir ríkisstyrkir voru hér að sliga skipaiðnaðinn höfðum við ekki ráð á að styrkja skipaiðnað okkar til jafns við það sem um-samið var og allir keppinautarnir fengu. Nú bregður svo við að við höfum efni á að styrkja kvikmyndaframleiðslu myndarlega. Er það mat stjórnvalda að kvikmyndaíðnaður sé miklu mikilvægari en skipaiðnaður?

AÐ BUA TIL STÖRF EÐA STARFSSKILYRÐI?

Við Íslendingar höfum af því vonda reynslu þegar stjórnvöld grípa inn og setja af stað aðgerðir til handa svokölluðum undirstöðugreinum. Við höfum nýlega fengið að súpa af því seyðið þegar stjórnvöld ákváðu að nú væri rétti tíminn til þess að byggja hér upp fiskeldi og loðdýrarækt.

Það eru gömul sannindi og ný (en vand-lærð) að hlutverk stjórnvalda á að vera að búa atvinnulífina góð almenn starfsskilyrði. Við eigum að ganga skipulega til verks og halda áfram að gera almennar lagfæringar á skattkerfi okkar. Það er full þörf á að ljúka endurskoðun þess með það fyrir augum að sníða af því helstu agnúana sem skilja það frá skattkerfum nágrannalöndanna. Það eru einmitt þessi atriði sem semja þarf um sérstaklega í hvert sinn sem erlendir fjárfestar drepa á dyr. Sem betur fer er upptalningin ekki mjög löng. Vörugjaldið er þar efst á blaði en heimsmet í eignarsköttum, stimpilgjöld og þungaskatt má einnig nefna sérstaklega. Í stað sértækra lausna og ríkisstyrkja í einstökum greinum ættu stjórnvöld að einbeita sér að því að lagfæra þessi atriði með kerfisbundnum hætti. Ef það er gert þarf engar undanþágur eða sértæka styrki til þess að laða hingað erlenda fjárfesta.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
2.-3. TBL. Mars 1999
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 16.03.1999
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar:
Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjórn: Ingi Bogi Bogason og
Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.
Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Helga Kristbjarnarsyni Flögu hf. veitt viðurkenning úr Verðlaunasjóði iðnaðarins

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins 26. febrúar 1999 veitti hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands Helga Kristbjarnarsyni viðurkenningu úr Verðlaunasjóði iðnaðarins fyrir frumkvöðulsstarf á sviði iðnaðar.

Áð þessu sinni var ljóst að allmargir komu til greina þegar ákveðið var hver ætti að hljóta verðlaunin enda hefur fjölmargt verið að gerast sem vert væri að verðlauna á þeim sviðum sem skipulagsskrá sjóðsins tekur til. Samt sem áður var sjóðstjórnin einhuga um að veita Helga Kristbjarnarsyni verðlaunin að þessu sinni fyrir glæsilegt framlag til hátækni iðnaðar, ekki síður en til heilbrigðismála, með stofnun og rekstri fyrirtækisins Flögu hf. Þar hafði hann forgöngu um að tæki til svefnrannsóknna undir nafninu Embla var smíðað og tekið í notkun, þó vissulega hafi fleiri komið þar að þegar hugmyndin varð að veruleika. Hann hefur auk þess stundað mikilvægt rannsókn- og þróunarstarf í fyrirtæki sínu allt frá stofnun þess, og nú vinnur fullur þriðjungur starfsmanna Flögu við rannsóknir og þróun á nýjum tækjum til heilsufarsrannsókna.

Í umsögn sjóðsins sagði m.a. að Helgi hefði farið ótroðnar slóðir og tekið bæði faglega og fjárhagslega áhættu við rannsóknir sínar. Viðurkenningin væri veitt fyrir frumkvöðulsstarf og fordæmi sem vakið hefði aðdáun og virðingu.



Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Helga Kristbjarnarsyni viðurkenningu Verðlaunasjóðs iðnaðarins. Í bakgrunni frá v.: Haraldur Sumarliðason formaður, Þórarinn Gunnarsson skrifstofustj. og Bjarni Bjarnason forstjóri Íslenska járnblendifélagsins sem jafnframt var fundarstjóri Iðnþings



Óddný Ólafsdóttir, ekkja Kristjáns Friðrikssonar Últímu og fjölskylda. Óddný og Kristján stofnuðu Verðlaunasjóð iðnaðarins árið 1976

Er stefna í vörugjaldsmálum?

Alþingi samþykkti 2. mars sl. lög um breytingar á vörugjaldi sem fela í sér að vörugjald er fellt niður af krónum. Lagabreytingin var gerð að frumkvæði fjármálaráðuneytisins. Samtök iðnaðarins fagna því að vörugjald er fellt niður af þessum atvinnutækjum enda löngu tímabært. Þetta hefur hins vegar orðið til þess að Samtök iðnaðarins velta því fyrir sér hver sé stefna ráðuneytisins í þessum efnun.

ALÞJÓÐLEG ÞRÖUN

Undanfarin ár hafa vörugjöld verið lækkuð eða þau fellt niður af ýmsum vörum og vöruflokkum á borð við matvæli og byggingavörur. Það er í góðu samræmi við alþjóðlega þróun. Enn erum við þó langt á eftir öðrum þjóðum í þessum efnun og má sem dæmi nefna að Finnar og Svíar eru nú að ljúka við að fella niður síðustu vörugjöldin af sælgæti

og drykkjarvörum. Þá erum við Íslendingar einir þjóða í OECD með umfangsmikla skattheimtu af þessu tagi á byggingavöru á borð við gólfefni, lagnaefni og hreinlætistæki.

Vörugjöld eru svo mikilvægur tekjulíður fyrir ríkissjóð að þeim verður ekki svipt í burtu í einu veffangi. Með markvissri stefnu mætti þó taka tiltekin skref í þá átt að afnema það tvöfalda kerfi neysluskatta sem tvímælalaust er verst agnúinn á íslenska skattkerfinu og greinir það umfram annað frá því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

ÓLJOS FORGANGSRÖÐ


Erfitt hefur reynst að fá leiðrétt mál sem allir eru sammála um að þurfi að leiðrétta eins og t.d. vörugjald af lyftum og vörum unnum úr steini þrátt fyrir samráð og góð orð. Hins vegar er hlaupið til rétt fyrir þinglok og skotið inn breyt-

ingum sem síst virðast stórvægilegar eða stefnumarkandi. Síðast voru lækkuð vörugjöld af byssum og skotfærum en nú eru það kranarnir. Hvort tveggja er í sjálfu sér ágætt en erfitt er að sjá að hér sé fylgt einhverri stefnu varðandi vörugjöld almennt.

STEFNUMÖRKUN STRAX

Samtök iðnaðarins hafa lagt til við fjármálaráðherra að hann skipi vinnuhóp/nefnd til þess að kanna hvernig afnema megi vörugjaldskerfið í áföngum líkt og aðrar þjóðir hafa verið að gera undanfarin ár. Nefndin ætti jafnframt að leggja fram tillögur um leiðir til þess að bæta ríkissjóði tekjutapið að hluta eða fullu. Samtökin eru reiðubúin til þess að taka þátt í slíku starfi með ráðuneytinu og ríkisskattstjóra. Mikilvægt er að þegar verði hafist handa um móta þessa stefnu og tillögur svo að unnt verði að kynna þær og vinna áfram í samræði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í þeim tilgangi að stíga fyrstu skrefin í þessu efni um næstu áramót.

Jón Steindór Valdimarsson



Samkeppnis- staðan seld

Hrossakaup á kostnað iðnaðarins

Talsmenn iðnaðarins hafa, allar götur frá því að þeir studdu aðildina að EFTA með ráðum og dáð hvatt til aukins frelsis í viðskiptum og voru t.d. dyggustu stuðningsmenn þess að Ísland tæki þátt í EES-samstarfinu.

HAGSMUNIR IÐNAÐARINS GLEYMAST

Því er hins vegar ekki að leynd að á köflum hefur Samtökum iðnaðarins þótt samningamönnum Íslands haldast frekar illa á hagsmunum iðnaðarins þegar milliríkjasamningar eiga í hlut en sjávar- og landbúnaðarafurðir virðast eiga hug þeirra allan. Þetta er rifjað upp hér að gefnu tilefni.

Íslenskur bjórframleiðandi hefur verið að leita fyrir sér með útflutning á bjór til landa í Evrópusambandinu. Það kom honum í opna skjöldu þegar bresk tolla- yfirvöld innheimtu 10% toll af íslenska bjórnum enda vissi hann að enginn tollur var innheimtur af bjór við innflutning til Íslands. Viti menn! Við nánari skoðun kom í ljós að íslensk yfirvöld höfðu aflétt tollum af innfluttum bjór til Íslands án þess að sækja gagnkvæman rétt til handa íslenskum bjórframleiðendum við samningaborðið.

Þessa dagana er verið að ganga frá breytingum á svokallaðri bókun 2 við fríverslunarsamning Íslands og ESB, m.a. í tilefni af síðustu GATT-samningum. Þar er ekki laust við að halli á iðnaðinn. Í bókun 2 er fjallað um verðjöfnun sem ákveðin er til þess að jafna samkeppnisstöðu vegna mismunar á verði landbúnaðarhráefnis í iðnvarningi ýmiss konar en íslenskur iðnaður getur t.d. ekki keypt sín landbúnaðarhráefni á heimsmarkaðsverði. Í þessari samningalotu er sú verðjöfnun skert verulega og virðist augljóst að hér hallar á Íslendinga, ekki síst iðnaðinn. Það, sem við fáum í okkar hlut, er kvóti fyrir súkkulaði á lækkuðum tollum til ESB en útflutningur okkar þangað er óverulegur og tollfrelsi fyrir gin, vodka og brennivín. Í staðinn eru innflutningsgjöld m.a. á eggjapasta, fylltu pasta, búaðingsdufti, kökum, kexi og hvítlauksbrauði lækkuð verulega en allt eru þetta vörur þar sem íslenskur iðnaður á í harðri samkeppni við innflutning.

HROSSAKAUP

Priðja og nýjasta dæmið, sem hér verður nefnt, er allt hið furðulegasta. Þar er staðan sú að íslenska landbúnaðarráðu-

neytið hefur komist að samkomulagi við norska landbúnaðarráðuneytið um að leggja til að kaupa tollalækkun á 200 íslenskum hrossum úr 5.000 NOK á hest í 400 NOK á hest fyrir tollfrjálsan innflutning á 25 tonnum af kartöflusnacki til Íslands.

Samtök iðnaðarins hafa mótmælt harðlega þessum fyrirhuguðu samningum og krefjast þess að við þá verði hætt. Á Íslandi eru tvö fyrirtæki sem framleiða snakk, Iðnmark hf. í Hafnarfirði og Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf. Auk þess að eiga í harðri innbyrðis samkeppni eiga þau í mikilli og harðri samkeppni við innflutning, ekki síst við Maarud frá Noregi.

Á snakkinu er 59% tollur. Niðurfelling gjalda nemur fjórum til fimm milljónum króna. Augljóst er að þetta verður til þess að skerða verulega samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna tveggja en 25 tonna kvóti svarar til 250 þúsund 100 gr. snakkpoka.

Samtök iðnaðarins sjá ekki betur en að íslenska landbúnaðarráðuneytinu þygi sjálfsagt að fórna hagsmunum tveggja lítilla iðnfyrirtækja og starfsmanna þeirra til þess að greiða fyrir sölu 200 hrossa til Noregs. Vinnubrögð af þessu tagi eru gjörsamlega ólíðandi. Samtök iðnaðarins trúu ekki öðru en að gripið verði í tau- mana og þessi hrossakaup á kostnað iðnaðarins stöðvuð.

Jón Steindór Valdimarsson



**Svip-
myndir
frá
Iðnþingi
og
Árshófi SI**



Gildir atkvæðaseðlar til stjórnarkjörs Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi 1999 voru 46.339. Greidd atkæði reyndust 38.907 og kosningaþátttaka því 83,96%.

Kosning er tvískipt, þ.a.e. annars vegar er formannskjör en hins vegar kjör meðstjórnenda og ráðgjafaráðs.

Í formannskjöri gaf einungis Haraldur Sumarliðason kost á sér. Hlaut hann 36.367 atkvæði eða 93,5% greiddra atkvæða. Haraldur er því rétt kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins til Iðnþings að ári.

KJÖR STJORNAR OG RÁÐGJAFARAÐS

Alls gáfu 12 menn kost á sér í kosningu til stjórnar og ráðgjafaráðs. Í þeirri kosningu, eins og raunar í formannskjöri

einnig, er heimilt að kjósa hvaða kjörngengan félagsmann sem er þótt hann hafi ekki formlega gefið kost á sér.

Þeir fjórir, sem flest atkvæði hlutu, eru kosnir í stjórn Samtaka iðnaðarins til næstu tveggja ára og eru þeir þessir: Helgi Magnússon 25.535 atkvæði, Eiður Haraldsson 23.204 atkvæði, Geir A. Gunnlaugsson 19.868 atkvæði, Örn Jóhannsson 18.375 atkvæði.

Fyrir í stjórn eru Ágúst Einarsson, Friðrik Andrésson og Vilmundur Jósefsson. Þeir sex, sem næstir koma að atkvæðatölu eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtaka en þeir eru:

Jón Albert Kristinsson, Hreinn Jakobsen, Ingi Björnsson, Lovísa Jónsdóttir,

Nýr stjórnarmaður



Eiður Haraldsson
frankvæmdastjóri Háfells

Jón Snorri Snorrason og Magnús Ólafsson.

Ályktun Iðnþings

Aukin samkeppni og alþjóðavæðing gerir kröfur um hagræðingu í atvinnulífnum. Eina svarið, sem fyrirtækin eiga við auknum launakostnaði og kröfum almennings um góða samfélagsþjónustu, er aukin framleiðni. Kostnaðinum verður ekki velt út í verðlagið eins og áður var. Samkeppnin sér til þess.

Viðbrögð fyrirtækjanna eru þau að innleiða nýja tækni, leggja meira í rannsókn- og þróunarstarf og auka áherslu á markaðsstarfsemi. Einnig er áberandi tilhneiging til uppstokkunar í stærri og hagkvæmari rekstrareiningar með sameiningu. Íslensk fyrirtæki leita nú logandi ljósi að nýjum mörkuðum og nýrri tækni um allan heim. Lítið dæmi um þetta er þátttaka okkar í Europe's 500* þar sem fundin eru sameiginleg einkenni þeirra frumkvöðla sem skarað hafa fram úr á mismunandi sviðum atvinnulífsins. Tilgangurinn er sá að læra af reynslu þeirra.

Sértækar aðgerðir stjórnvalda og verndarstefna víkja fyrir frjálsræði og almennum leikreglum. Þjónustustofnanir og hagsmunasamtök þurfa að fylgja þessari þróun og sama gildir auðvitað um stjórnsýsluna. Ýmis teikn

eru á lofti um að þessi þróun sé hafin þótt hún gangi ákaflega mishratt.

Mikilvægt er að þessu sé fylgt eftir með markaðsvæðingu t.d. fjarskipta, hafna og orkufyrirtækja. Seinagangurinn á þessu sviði er farinn að skaða atvinnulífið vegna þess að þarna gilda ekki venjuleg markaðslögmál. Dæmi um þetta er að verðlagning rafmagns til iðnaðar hrekur æ fleiri fyrirtæki til að nýta olíu sem orkugjafa. Þetta gengur einnig þvert á markmið okkar og skuldbindingar í umhverfismálum.

Samtök iðnaðarins vilja að atvinnurekendur eigi sér einn sameiginlegan málsvara þar sem fjallað er um almenn starfsskilyrði fyrirtækjanna í landinu. Rjúfa þarf gamla múra sem byggðir voru upp utan um sérhagsmuni einstakra atvinnugreina. Hefðbundin atvinnugreinaskipting milli þjónustustofnana og ráðuneyta er einnig orðin úrelt. Tillaga um sameiningu sjávarútvegs-, landbúnaðar-, og iðnaðarnefnda í eina atvinnumálanefnd Alþingis er mikilvægt skref í þessa átt. Stjórnarráðið á að fylgja í kjölfarið með einu atvinnumálaráðuneyti.

* Samtök sem gera árlega lista með nöfnum 500 framsæknustu fyrirtækja og frumkvöðla í Evrópu.

Meistarafélag í hárgreiðslu

Mánudaginn 2. mars sl. var stofnað nýtt félag Meistarafélag í hárgreiðslu. Félagið er fagfélag meistara í hárskurði og hárgreiðslu og hefur m.a. þann tilgang að efla samvinnu og samheldni meistara í hársnyrtið.

Það eru félagar í Hárgreiðslumeistarafélagi Íslands og Meistarafélagi hárskera sem sameinast en auk hins nýja félags eru til félög hárgreiðslu og hárskera-meistara á Norður- og Austurlandi. Meistarafélag í hárgreiðslu gerðist aðili að Samtökum iðnaðarins við stofnun þess og eru því nú öll félög í greininni innan SI.



Á stofnfundinum var kosin stjórn en hana skipa: Hrafnhildur Arnardóttir, formaður, Torfi Geirmundsson, gjaldkeri, Sigrún Ægisdóttir, ritari. Gríma Kristinsdóttir, Ingibjörg Helgadóttir og Jónína Sóley Snorradóttir eru meðstjórnendur.

Formót Iðnpings

Á formóti Iðnpings var athyglinni beint að nýjum framleiðsluháttum í iðnaði á Íslandi. Þar fjölluðu 5 valin-kunnir stjórnendur í íslenskum iðnfyrirtækjum um nýjungar í rekstri og stjórnun í þeim fyrirtækjum þar sem þeir starfa.

Þeir ræddu einnig spurninguna: „Hvernig náum við árangri á heims-mælikvarða?“ Fyrirtækin og forráðamenn þeirra voru valdir með það í huga að endurspeglar ólíkar starfsgreinar en eiga það sammerkt að fyrirtæki þeirra standast, hvert á sínu sviði, samanburð við það besta sem þekktist í heiminum í dag. Stjórnendurnir voru:

Gunnar Örn Gunnarsson, forstjóri,

Kísiliðjan hf.

Jón Sigurðsson, forstjóri,

Össur hf.

Steinþór Skúlason, forstjóri,

Sláturfélag Suðurlands svf.

Jónas Frímansson, aðst.framkvstj.

Ístak hf.

Ingvar Kristinnsson, aðst.framkvstj.

Hugvit hf.

Gunnar Örn Gunnarsson hefur víðtæka reynslu af íslenskum framleiðslu-iðnaði en auk þess að vera forstjóri **Kísiliðjunnar** starfaði hann áður sem framleiðslustjóri Marels og um árabíl hjá ÍSAL. Gunnar hélt inngangserindi og ræddi málið frá almennu sjónarhorni, m.a. nýja strauma og stefnur í framleiðslustjórnun og rekstri.

Hann ræddi um kosti og veikleika vinnuafis á Íslandi, m.a. að sjálfstæði starfsmanna gæti bæði verið kostur og ókostur. Hann ræddi um mikilvægi hvatningar og tengsl hennar við framleiðni og hagnað fyrirtækisins. Þá ræddi hann um reynsluna af svokallaðri „sellu-

væðingu” en markmið hennar er að auka ábyrgð og yfirsýn, samkennd og samhæfingu, minnka einingar, bæta vinnuumhverfið og auka framleiðni.

Össur hf. hefur verið í hópi 500 framsækjustu fyrirtækja í Evrópu síðustu ár. Fyrirtækið er á heims-mælikvarða á sínu sviði og stenst samanburð við það besta sem nú þekktist í heiminum á sviði heilbrigðistækni-iðnaðar. Fyrirtækið hefur nýlega flutt alla framleiðslustarfsemi sína til Íslands á ný eftir að hafa verið með hluta af starfseminni erlendis. Fyrirtækið er um margt sérstakt og framleiðir m.a. sjálft töluverðan hluta eigin framleiðslubúnaðar og tækja. Jón Sigurðsson hefur veitt fyrirtækinu forstöðu sl. ár.

Jón lagði áherslu á þróunarstarfið sem meginforsendu árangurs og nauðsyn þess að skapa fyrirtækjabrag (kúltur) sem þrífst á breytingum. Gera megir ráð fyrir að líftími vöru verði stöðugt styttri og til þess að mæta því þarf stöðugt að vera þróa nýjar vörur, nýjar framleiðsluaðferðir og nýjar aðferðir í sölu- og markaðsmálum. Forsenda þessa alls er þekking og stjórnun þekkingar. Jón orðaði það svo að þeir hjá Össuri hf. „stefni að því að vita allt sem þeir viti” og bera sig saman við þá bestu.

Sláturfélag Suðurlands hefur um árabíl verið í hópi framsækjustu fyrirtækja í erfiðri starfsgrein, í beinhardri samkeppni með flókna vörustjórnun og fjölda vörunúmera. Mikill viðsnúningur hefur átt sér stað í rekstri fyrirtækisins undir stjórn Steinþórs Skúlasonar en það átti í erfiðleikum fyrir nokkrum árum, m.a. vegna staðsetningar og húsnæðismála. Fyrirtækinu hefur tekist vel til í

vöruþróun á undanförunum árum og hefur stöðugt verið að styrkja stöðu sína og vöru-merkja sinna á innlendum markaði. Sláturfélagið er nú að hefja markvisskref í útflutningi.

Steinþór sagði að styrkleiki

Sláturfélagsins lægi í frumkvæði, vöruþróun, sveigjanleika, viðbragðsflýti, réttu skipulagi og vörum sem seldar eru á grundvelli gæða og ímyndar. Hann greindi nokkuð frá vöruþróunarferli fyrirtækisins, undirbúningi og samræmingu verkþátta. Í þessu sambandi greindi hann sérstaklega frá góðum árangri með 1944 - réttina og tilraunum með útflutning fersks lambakjöts til Danmerkur en hann hefur lagt grunninn að vaxandi útflutningi á næstu árum.

Íslensk mannvirkjagerð stendur um þessar mundir í miklum blóma og hefur hvert stórvirkið á fætur öðru verið unnið af miklu öryggi hvað gæði, tíma og kostnað snertir á síðustu árum.

Nægir þar að nefna byggingu jarðganga, virkjana, hafna, álvera, íbúða- og framleiðsluhúsnæðis auk brúa og vegagerðar. Íslensk fyrirtæki í byggingariðnaði eru í vaxandi mæli farin að taka að sér stjórnun verkefna erlendis og eru vel á veg komin með að gera framtíðarsýn greinarrinnar um „leiðandi stöðu í mannvirkjagerð á norðurslóðum” að veruleika. **Ístak hf.** er verðugur fulltrúi greinarrinnar og Jónas Frímansson er manna fróðastur um þróun hennar um langt skeið.

Jónas rakti sögu og þróun Ístaks í íslenskri mannvirkjagerð og greindi frá því að þeir hefðu margt lært af erlendum samstarfsaðilum sínum gegnum tíðina, ekki síst Svíum sem hann sagði mikla reglumenn á pappíra og skýrslugerð, sem er ekki hin sterka hlið okkar Íslendinga. Hann taldi slíka reglusemi skipta höfuðmáli við stórar verkframkvæmdir. Hann vék einnig að mikilvægi góðrar stjórnunar og hæfni starfsmanna til að geta tekið skjótar ákvarðanir þegar mikið lægi við. Hann sagði að skipuritið þyrfti að líkjast meira „greiðu en jólatré” og því þyrfti að fylgja verulegt sjálfstæði einstakra stjórnenda.

Íslenskur hugbúnaðar- og upplýsingatækni-iðnaður er í örur vexti og greinin á sér metnaðarfulla framtíðarsýn sem stóridja framtíðarinnar á Íslandi. Íslensk fyrirtæki í þessari grein eru framsækin og hafa í auknum mæli haslað sér völl í útflutningi sem vex hröðum skrefum. Mörg þeirra hafa aflað sér virðingar á erlendum mörkuðum með margs konar viðurkenni-

Framhald á bls. 8



Reiknistofnun þráast við

Samtök iðnaðarins hafa um alllangt skeið barist fyrir því að Reiknistofnun bankanna (RB) verði gert að fara að lögum og greiða virðisaukaskatt af forritun og viðhaldi hugbúnaðar. Nú síðast standa Samtökin í málarekstri fyrir samkeppnisfyrvöldum um málið. Það eru hagsmunir hugbúnaðarfyrirtækja innan raða Samtakanna sem ráða því að þau hafa komið að málinu.

KJARNI MALISINS

Að mati Samtaka iðnaðarins er mál þetta ákaflega einfalt. Fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóri eru sammála um að RB sé skattskyld þegar um er að ræða forritun og viðhald hugbúnaðar. RB hefur árum saman þverskallast við að setta sig við þessa skattskyldu og komist upp með að greiða ekki virðisaukaskatt af

þessari starfsemi sinni. RB rekur umfangsmikla starfsemi við forritun og viðhald hugbúnaðar. Vegna þessarar undanlátsssemi gagnvart RB hefur samkeppnisstaða annarra fyrirtækja, sem stunda forritun og viðhald hugbúnaðar, skerst að sama skapi.

Athygli vekur að umsvif hugbúnaðardeildar RB námu 254,2 milljónum árið 1998. Í gildi eru lög um opinber innkaup nr. 52/1987 og reglugerð um innkaup ríkisins nr. 303/1996. Í reglugerðinni kemur fram að bjóða skal út vörur og þjónustu fari verðmæti þeirra fram yfir þrjár milljónir án virðisaukaskatts. Þetta ákvæði á tvímælalaust við RB sem er að meirihluta í eigu ríkisins. Hér skiptir eignarhaldið eitt máli en ekki rekstrarformið. Ekki er Samtökum iðnaðarins kunnugt um að RB hafi boðið út forritun

eða viðhald hugbúnaðar þrátt fyrir þessi skýru ákvæði um útboðsskyldu.

REYKSKÝ

Í málflutningi sínum fyrir samkeppnisfyrvöldum reynir RB enn sem fyrr að drepa málinu á dreif með því að gera aukaatriði að aðalatriðum og hylja kjarna málsins reykaskýi. Þar má nefna að því er haldið fram að íslenskir tölvunarfræðingar ráði almennt ekki við verkefni á vegum RB. Tölvurnar hjá RB og kerfisgreiningaraðferðir séu svo flóknar og sérstakar að það sé ekki á færi annarra en RB að koma þar að. Þá séu íslensk hugbúnaðarfyrirtæki að búa til hugbúnaðarpakka sem seldir séu úr hillum en ekki sérniðnar lausnir eins og RB þarfnist. Þessi reyk bomba hittir enga aðra fyrir en Reiknistofnun sjálfa.

Jón Steindór Valdimarsson

Félag íslenskra snyrtifræðinga 20 ára

Laugardaginn 6. mars sl. hélt hátíðlegt Félag íslenskra snyrtifræðinga 20 ára afmæli sitt á Sólon Íslandus en það var stofnað þann 3. mars 1979.

Stjórn félagsins skipa nú: Sigríður Guðjohnsen formaður, Kolbrún Guðjónsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Ósk

Harrys Vilhjálmisdóttir, Sigrún Heimisdóttir, Valgerður Franklínisdóttir og Berglind Sigurðardóttir.



Sigríður Þorkelsdóttir og Ásta Hannesdóttir stofnendur félagsins



Ástu Hannesdóttur veitt viðurkenning fyrir störf í þágu félagsins og Birgittu Engilberts sem elsti starfandi félagsmaðurinn



Frá vinstri Sigríður M. Guðjohnsen nýkjörinn formaður, Sigríður Guðjónsdóttir fráfr. formaður og Stella Karlsdóttir fráfr. gjaldkeri



AUGLÝSING UM SVEINSPRÓF Í BYGGINGAGREINUM

Sveinspróf í húsmásmíði, húsgagnasmíði, bólstrun, málaraíðni, múrararíðni, pípu-lögnum og vegg- og dúklögn fara fram í maí og júní 1999.

Umsóknafrestur er til 1. maí nk. Ekki er tekið við umsóknum sem berast eftir þann tíma.

Með umsókn skal leggja fram afrit af burtfararskírteini með einkunnum og afrit af námssamningi. Þeir sem ljúka námi á yfirstandandi önn þurfa ekki að leggja fram burtfararskírteini.

Nemar á vegum skóla hafi samband við deildarstjóra skólans í viðkomandi iðngrein.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frami hjá Menntafélaga byggingariðnaðarins, Hallveigarstíg 1, 1. hæð Reykjavík, sími 552-1040 og á heimasíðu félagsins www.mfb.is

Saga verksmiðjuíðnaðar



Undirritun samnings um ritun sögu verksmiðjuíðnaðar á Íslandi í saumastofu Sjóklæðagerðarinnar 66° Norður í Faxafeni

Fremri röð frá v. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Ásgeir Ásgeirsson, ritstjóri Iðnsögu Íslendinga, Svavar Hávarðsson, sagnfræðingur og Haraldur Sumarliðason, formaður Samtaka iðnaðarins. **Aftari röð frá v.** Bragi Hannesson, Magnús Helgason og Þórarinn Gunnarsson, skrifstofustjóri Samtaka iðnaðarins. Nýlega var undirritaður samningur milli Iðnsögu Íslendinga, Samtaka iðnaðarins og Svavars Hávarðssonar, sagnfræðings, um ritun sögu verksmiðjuíðnaðar á Íslandi. Gert er ráð fyrir að verkið taki um þrjú ár og ritið verði 700 -800 blaðsíður að stærð. Sagan verður gefin út í ritröðinni, Safn til Iðnsögu Íslendinga en þegar hafa gefnar verið út 16 bækur í því safni. Í ritinu verður rakin saga verksmiðjuíðnaðar á Íslandi á tuttugustu öld og fjallað um tilhögun framleiðslu, framleiðsluvörur, stofnendur, vélakost, rekstrarumhverfi og tækniþróun í einstökum greinum iðnaðarins svo að eitthvað sé nefnt. Gert er ráð fyrir að tvö til þrjú hundruð myndir verði í ritinu. Ritnefnd skipa Gunnar J. Friðriksson, fyrrv. formaður Félagss Íslenskra iðnrekenda og aðalhvatamaður að sögurituninni, Bragi Hannesson, fyrrv. forstj. Iðnlánasjóðs og Magnús Helgason, stjórnarformaður Hörpu hf. Ritnefndinni til aðstoðar er Þórarinn Gunnarsson.



Framhald af bls. 4

ingu sem sýnir að þau standast samanburð við það besta í heiminum um þessar mundir. Fyrirtækið **Hugvit hf.** er í hópi þessara framsæknu fyrirtækja og hefur m.a. hlotið margs konar viðurkenningar IBM fyrir lausnir sínar í Lotus Notes. Ingvar Kristinsson, aðst.framkvstj. fyrirtækisins, er formaður SÍH - Samtaka íslenskra hugbúnaðarframleiðenda - sem hafa unnið ótrúlega að framgangi greinarinnar við hlið Samtaka iðnaðarins.

Ingvar beindi athyglinni að þekkingarstjórnun í sínu erindi og hvernig Hugvit hefur beitt hópskipulagi í allri starfsemi sinni og þróun. Markmið þekkingarstjórnunarinnar er að gera þekkinguna aðgengilega þar sem hennar er þörf og safna henni saman á kerfisbundinn hátt. Síðan þarf að móta þekkinguna þannig að þeir, sem hana þurfa, hafi aðgang að henni þegar þörf krefur. Einnig er mikilvægt að starfsmenn séu ekki truflaðir af þekkingu sem er úrelt, ótímasett og

gagnslaus. Hann vék síðan að mikilvægi gæðastjórnunar í allri sölukerfinni. Þá vék hann að því sem þarf að bæta í rekstrarumhverfi upplýsingatækniyrirtækja en þar lagði hann einkum áherslu á fjárfestingu í menntakerfinu til að efla það sem þekkingarauðlind. Hann lagði einnig áherslu á að skattakerfið ætti frekar að virka hvetjandi en letjandi gagnvart þróun og nýsköpun. Að lokum lagði hann til að dreifikerfi Landssímans yrði endurskoðað m.t.t. þess að bæta möguleika upplýsingatækniyrirtækja til að nýta það í sinni þjónustu.

Að loknum erindum sínum svöruðu framangreindir framsögumenn fyrirspurnum úr sal. Fundarmenn voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag á formóti Iðnjóps og sérstaklega þá þekkingarmiðlun sem þar átti sér stað milli ólíkra fyrirtækja í Samtökunum.

MÁLMIÐNAÐUR

Aðalfundur Málms

– verndun hugverka ofarlega á dagskrá

Á aðalfundi Málms – samtaka fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði, sem haldinn var nýlega, var auk venjumbundinna aðalfundarstarfa fjallað um verndun hugverka.

Eins og kunnugt er vaknar oft sú spurning í smiðjum og öðrum svipuðum fyrirtækjum hvernig unnt er að tryggja vernd ýmisskonar hugmynda og smíða sem sannanlega eru verðmæti sem menn hafa á tíðum kostað miklu fé til. Mönnum finnst þeir giska berskjaldaðir fyrir því að aðrir taki hugmyndirnar traustataki og geri sér jafnvel að féþúfu útgjaldalaust. Það var því tímabært að fá sérfræðinga til þess að fjalla um hvernig bregðast megi við slíku.

Fróðlegt var að heyra þá Michael Gaarmann og Gunnar Örn Harðarson reifa þessi mál á aðalfundi Málms. Þeir gerði glögga grein fyrir þýðingu þess að vernda hugverk og lögðu áherslu á að í grein eins og málmiðnaði væri alltaf að skjóta upp kollinum hugmyndir um nýsmíði til að leysa vandamál viðskiptavina. Slíkar lausnir væru oft mjög verðmætar og þyrfti að vernda ef í ljós kæmi að þeim hefði ekki áður verið beitt. Slík athugun, og ferlið við að vernda hugmyndir, sem smíðin byggist á, er sérhæfð vinna og eðlilegast að fela hana sérfræðingum á þessu sviði. Að öðrum kosti er þeirri hættu boðið heim að hugmyndinni verði stolið og menn sitji uppi með sárt ennið og útgjöld án þess að tekjur komi á móti.

Nú orðið er hægur vandi að nálgast slíka sérfræðinga og greindu ofanefndir frummælendur frá því hvernig best er að standa að því. Fundarmenn sýndu málefnið mikinn áhuga og spurðu spurninga sem frummælendur svöruðu skilmerkilega.

Stjórn Málms skipa nú: Theódór Blöndal formaður en aðrir í stjórn: Brynjar Haraldsson, Hallgrímur Hallgrímsson, Ingi Björnsson, Magnús Aadnegard, Ólafur Friðriksson, Valgeir Hallvarðsson, Þorgeir Jósefsson og Þorvaldur Hallgrímsson.

Hagstætt rekstrarumhverfi iðnaðarins

Haraldur Sumarliðason, formaður SI

Í Iðnþingsræðu sinni greindi Haraldur Sumarliðason, formaður Samtaka iðnaðarins, frá því að almennt rekstrarumhverfi iðnaðarins væri gott um þessar mundir. Verðmætasköpun fyrirtækjanna hefði vaxið hratt undangengin ár bæði á alþjóðlegan mælikvarða og í sögulegu samhengi. Nú væri svo komið að við værum í einu af efstu sætunum á lista yfir tekjuhæstu þjóðir heims. Atvinna er mikil í landinu og atvinnuleysi með því lægsta sem þekkist.

Haraldur rakti að starfssilyrði hefðu batnað í kjölfar baráttumála Samtakanna, ekki síst vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn hefði leyst úr höftum flæði vinnuafis, fjármagns, vöru og þjónustu milli Íslands og helstu viðskiptalanda í Evrópu, fært íslensk fyrirtæki undir aga alþjóðlegrar samkeppni og knúið íslensk stjórnvöld til að skapa þeim skilyrði til vaxtar.

BLIKUR A LOFTI

Haraldur minnti á að þrátt fyrir þetta væru blikur á lofti:

„Þegar velgengi líðandi stundar er fagnað ber þó að hafa hagsöguna í huga. Hún geymir mörg mistök sem á augabragði geta breytt góðæri í efnahagslega kollsteypu. Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum minnt á söguna og bent á gríðarlegan viðskiptahalla og varað við því að mistökin geti endurtekið sig.“

Síðastliðið haust birtu Samtökin niðurstöður úr könnun á afkomu í samkeppni iðnaði árin 1997 og 1998. Niðurstöðurnar gáfu sláandi vísbendingu um að hækkandi launakostnaður, hátt gengi íslensku krónunnar og háir vextir væru að veða að samkeppnisstöðu og markaðshlutdeild innlands samkeppni iðnaðar. Haraldur nefndi að til að hamla gegn þessari óheillaþróun hefðu Samtökin lagt áherslu á aukinn þjóðhagslegan sparnað. Haraldur lagði áherslu á að ná þyrfti jafnvægi í landinu milli sparnaðar og fjárfestingar. Stefnan í fjármálum ríkis og sveitarfélaga gegndi þar lykilhlutverki.

SKIPULAGSUMRÆÐA

Haraldur rakti stuttlega þátttöku Samtakanna í mótun skipulags nýrra heildarsamtaka atvinnurekenda. Á fundi stjórnar og ráðgjafaráðs um mitt ár 1997 var samvinna og verkaskipting milli Samtaka iðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands á dagskrá. Kom greinilega fram að félagsmenn SI vilja ein öflug heildarsamtök atvinnurekenda. Því var áhersla lögð á að sameina VSÍ og Vinnuálagssambandið.

„Tilgangurinn er að sameina kraftana til að samræma sem best bæði starfsskilyrðin og launastefnuna í landinu,“ sagði Haraldur. Verkefni nýrra Samtaka atvinnulífsins eiga að vera, auk kjaramála og þjónustu á því sviði, sameiginleg stefnumótun í almennum starfsskilyrðum



atvinnulífsins á borð við efnahags- og skattamál en einnig önnur stefnumótun, til dæmis á sviði mennta- og umhverfismála.

MALAFLOKKAR I BRENNIDEPLI

Haraldur gerði að umtalfefni starf einn einstakra málaflokka hjá Samtökunum. Þeir málaflokkar, sem ásamt hinum almennu starfsskilyrðum hafa verið mest í brennidepli, eru markaðs- og kynningarmál, nýsköpun og þróunarmál, menntamál og gæðamál auk orku- og umhverfismála.

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR SPJARAR SIG

Haraldur gerði að lokum umtalfefni styrkleika íslensks iðnaðar:

„Það er komin á það reynsla að íslenskur iðnaður getur vel staðið sig í harðri samkeppni ef þess er gætt að starfsskilyrði hans séu sambærileg við það sem annars staðar gerist. Á það hefur lengi skort. Mikil hefur þó áunnist á síðustu árum og ég tel að nú sé lag til að bæta hér það, sem eftir er, til að jafna starfsskilyrðin við helstu samkeppnislönd okkar. Að því munum við vinna.“





Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra

Ísland í fremstu röð

Í upphafi ræðu sinnar gerði Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra, að umtalfsni hve síðustu ár hefðu verið Íslendingum hagstæð. Hagvöxtur hefði verið mikill, verðbólga lág, atvinnuleysi nánast útrýmt, skuldir lækkað og útgjöld til heilbrigðis-, mennta- og félagsmála stóraukist. Framleiðni í atvinnulífínu hefði aukist hröðum skrefum, erlend fjárfesting margfaldast, kaupmáttur hefur vaxið meira en áður eru dæmi um og ríkissjóður væri rekinn með afgangi og lán hans greidd upp í ríkum mæli innanlands sem utan.

FJÖLBREYTTUR UTFLUTNINGUR

Iðnaðarráðherra nefndi að alþjóðastofnanir bæru mikið lof á árangur undangenginna ára í íslensku efnahagslífi

enda hefði hugarfarið breyst. Í stað barlóns fyrri ára hlýpi nú ungum framtakssömum mönnum og konum kapp í kinn við að byggja upp fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum og sæktu gjarnan á fjarlæg erlend mið í markaðssókn sinni. Þannig verður útflutningur fjölbreyttari og stöðir atvinnulífsins traustari.

„Fáum hefði dottið í hug í byrjun þessa áratugar,“ sagði Finnur, „að hámenntaðir íslenskir vísindamenn myndu flytja heim í tugatali til að starfa við erfðatekni, hugbúnaðarfyrirtæki myndu gera risasamninga við erlend stórfyrirtæki og útrás íslenskra fyrirtækja yrði jafn víðtæk og raun ber vitni, svo fátt eitt sé nefnt í sífellt fjölbreyttari flóru íslensks atvinnulífs.“

MÖGULEIKAR TIL ENN FREKARI VAXTAR

Finnur taldi þennan góða árangur í atvinnulífínu ekki vera kominn að neinum endimörkum. Enn væru miklir möguleikar fyrir hendi. Árangurinn, sem nú hefði

náðst, væri lítil í samanburði við þann árangur sem við gætum náð á næstu árum ef við værum jafn staðföst við stjórn efnahagsmála og við hefðum verið á síðastliðnum fjórum árum.

„Markmiðið er,“ sagði Finnur, „að Ísland verði í fremstu röð meðal þjóða heims sem búa þegnum sínum bestu lífs-gæðin að fjórum árum liðnum. Til að ná því marki þurfum við að ráðast í ýmsar róttækar breytingar á íslensku efnahags- og atvinnulífi þannig að við sjáum nýjar atvinnugreinar vaxa og dafna.“

Iðnaðarráðherra taldi tækifærin blasa við á öllum sviðum fyrir utan þau sóknarfæri sem einnig eru fyrir hendi í hefðbundnum og rótgrónum atvinnugreinum eins og í sjávarútvegi og iðnaði. Hann nefndi sérstaklega þrjú svið atvinnu- og efnahagslífsins þar sem hann sæi sóknarfæri liggja: Rafræn viðskipti, upplýsingatækni- og hugbúnaðariðnað og afþreyingariðnað

Svipmyndir frá Árshófi SI





Dr. Jan Eklöf í ár var kynning á Evrópsku ánægjuvoginni. Í stuttum formála kynnti Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins tilurð og tilgang ánægjuvogarinnar sem samræmdan tölfræðilegan mælikvarði á ánægju viðskiptavina.

Hann lýsti ánægjuvoginni sem þriðja mikilvæga markmiðsþættinum í efnahagsstjórn, við hlið verðbólgu og vaxtarþjóðarframleiðslu. Ánægjuvogin grundvallast á spurningakönnun þar sem viðskiptavinir fyrirtækja og stofnana eru spurðir um væntingar sínar, reynslu og framtíðaráform um viðskipti við tiltekin fyrirtæki. Þessar upplýsingar má síðan draga saman í heildarmat á tilteknum starfsgreinum. Með því að reikna inn vægi starfsgreinanna í þjóðarframleiðslu má setja fram vegið meðalgildi á gæði þjóðarframleiðslunnar í heild.

Davíð greindi frá því að Íslandi byðist aðild að stóru evrópsku verkefni um samræmdar ánægjumælingar í 6–7 starfsgreinum sem verið er að hleypa af stokkunum í 10–15 Evrópulöndum um þessar mundir. Með samræmdri evrópskri ánægjuvög fæst marktækari samanburður en áður milli fyrirtækja og stofnana; í sömu greinum, í ólíkum greinum og ólíkum löndum. Þá fæst einnig samanburður milli starfsgreina, landa og viðskiptablokka.

Dr. Jan Eklöf, prófessor við Hagfræðiháskólann í Stokkhólmi, hélt síðan aðalrindi Iðnpings um Evrópsku ánægjuvogina (European Customer Satisfaction Index) og sagði frá reynslu Svía af mælingum á ánægju viðskiptavina sænskra fyrirtækja og stofnana en þær hafa verið gerðar með reglubundnum hætti allt frá árinu 1989.

Hann benti á að velgengni fyrirtækja réðist af gildismati viðskiptavina þess. Þessi staðreynd er að verða mönnum sífellt ljósari við mat á stöðu og verðgildi fyrirtækja þannig að fyrirtæki sem ætti ánægða viðskiptavinum væri augljóslega verðmætara en fyrirtæki þar sem viðskiptavinirnir væru óánægðir. Þetta væri



Davíð Lúðvíksson

mikilvæg eign þótt hún væri óáþreifanleg og ekki sýnileg í hinu hefðbundna bókhaldi fyrirtækisins.

Eklöf vék síðan að reynslu Svía af ánægjumælingunum sýndi hvernig þróunin hefur verið í mismunandi greinum sænskis atvinnulífs en Svíar mæla nú greinar sem standa fyrir 60 til 70% af þjóðarframleiðslu þeirra. Þjónusta hins opinbera hefur í vaxandi mæli verið mæld með sama hætti og vekur umræða um niðurstöðurnar stöðugt meiri athygli. Það má því segja að þessar mælingar hafi leitt til meiri og vaxandi umræðu um gæðamál í Svíþjóð en annars hefði orðið.

Þá sagði Eklöf frá niðurstöðum rannsóknna á tengslum milli ánægjuvogar og rekstraráangurs fyrirtækja í Bandaríkjunum. Þar hefur verið sýnt fram á verulegan mun á aukningu markaðsvirðis fyrirtækja í hópi þeirra sem best standa varðandi ánægjuvogina og þeirra sem standa sig

verr. Sama gildir einnig um samanburð á arðsemi þessara tveggja hópa. Aðspurður sagði Jan að mikil munur væri á ánægjuvoginni og svonefndum „vinsælda/óvinsældakönnunum“ fyrirtækja, sem fælist meðal annars í því að í ánægjuvoginni væri eingöngu verið að tala við viðskiptavinum sem þekktu fyrirtækið og gætu þ.a.l. tekið afstöðu út frá eigin reynslu en ekki almennri afspurn.

Dr. Jan Eklöf kynnti einnig verkefnið um Evrópsku ánægjuvogina. Hann sagði m.a. að sterkir fagaðilar á sviði markaðsrannsókna og gæðamála ásamt Evrópusambandinu stæðu að því. Evrópusambandið fjármagnar sameiginlega kostnaðarliði svo sem samræmingu spurninga, þjálfun og úrvinnslubúnað ásamt kynningu á niðurstöðum á Evrópskum vettvangi. Fjármögnun gagnasöfnunar og úrvinnslu er viðfangsefni sem hvert þátttökuríki í verkefninu verður að standa fyrir sjálf.



Jan Eklöf prófessor gestur Iðnpings



Hagvöxturinn ekki úr hafinu

Sjaldan hefur verið augljósara en nú að þjóðin byggir velmegun sína í vaxandi mæli á öðrum atvinnuvegum en sjávarútvegi. Einungis 4% af hagvexti undangenginna þriggja ára má rekja til fiskveiða og vinnslu. Ríflega 22% af hagvexti þessara ára má rekja til mannvirkjagerðar en 31% til verslunar og framleiðsluðnaðar (án fiskvinnslu). Hagvöxtinn má því að mestu rekja til aukinna fjárfestinga, meira frjálsræðis, vaxandi samkeppni og stöðugleika í íslenskum þjóðarbúskap en ekki sjávarútvegsins.

Af öðrum mælikvörðum má einnig ráða að þjóðin byggir velmegun sína á öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi. Rúmlega eitt af hverjum tíu störfum hér á landi eru í fiskveiðum og vinnslu. Nærri þrjú af hverjum tíu störfum hér á landi eru hins vegar í framleiðsluðnaði (án fiskvinnslu), byggingariðnaði og þjónustuiðnaði. Sömu sögu má segja um verslun og þjónustu. Þar eru störfin þrjú af hverjum tíu.

Vægi í tekjuöflun þjóðarinnar er annar mælikvarði sem gefur vísbendingu um það á hvaða greinum landinn byggir velmegun sína. Hlutdeild sjávarafurða í gjaldeyrstekjum þjóðarinnar er 45%. Þetta eru um 100 milljarðar króna. En

um þótt sú tekjuöflun eigi sér fremur stað á innlendum markaði.

Hagvöxtur sprettur af almennum og góðum starfsskilyrðum. Hann má síðan rekja til þeirra greina sem best tekst að nýta sér starfsskilyrðin hverju sinni. Með

Minnkandi vægi sjávarútvegs:

Hlutdeild sjávarútvegs af gjaldeyrstekjum er komin niður í 45% og hlutdeild í þjóðartekjum í 12%

líkt og margir hagfræðingar hafa bent á eru það ekki gjaldeyrstekjurnar sem segja til um hversu mikils greinin aflar fyrir þjóðarbúið. Um 56% af gjaldeyrstekjum sjávarútvegs fara í að greiða fyrir aðföng sem koma erlendis frá. Hreinar gjaldeyrstekjur greinarinnar eru því 44 milljarðar króna eða 12% af þjóðartekjum. Framleiðsluðnaður (án fiskiðnaðar), byggingariðnaður og þjónustuiðnaður skapa hins vegar um 27% af þjóðartekj-

auknu jafnræði í atvinnulífinu hér á landi kemur hagvöxturinn fram í öðrum greinum en sjávarútvegi enda lifum við nú eitt lengsta og ríkulegasta hagvaxtarskeið í sögu þjóðarinnar. Þetta er til merkis um að almenn góð starfsskilyrði leiða til framfara. Af þeirri braut má ekki hverfa. Engin ein grein er svo mikilvæg að hana beri að gera réttþærri en aðrar.

Ingólfur Bender

Rætur hagvaxtar 1996–1998 eftir atvinnugreinum

